



**MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS**  
**THE ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTER**  
*Alþingi*

*Erindi nr. P 128/1588*

*komudagur 7. 3. 2003*

Reykjavík 3. mars 2003.

Til iðnaðarnefndar Alþingis  
Alþingi við Austurvöll

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar mál 490, um þjóðaratkvæðagreiðslu um byggingu Kárahnjúkavirkjunar.

Mannréttindaskrifstofa Íslands tekur ekki afstöðu til þess hvort meiri ástæða er til að greiða þjóðaratkvæði um þetta mál en ýmis önnur þótt ljóst sé að um mikið deilumál er að ræða. Almennt má segja að setja þurfi nánari ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur og auka til muna rétt fólks til að krefjast atkvæðagreiðslu um mál sem skipta þjóðina miklu.

Þjóðaratkvæðagreiðslum hefur afar sjaldan verið beitt hér á landi, meðan t.d. frændur okkar Danir telja sjálfsagt að leggja stórmál í dóm þjóðarinnar. Þá má nefna að miklar umræður hafa orðið á undanförunum árum um virkt lýðræði og takmarkanir fulltrúalýðræðis og vísað þar til þess kerfis sem tíðkast í Sviss þar sem íbúarnir taka afstöðu til fjölda mála með beinum atkvæðagreiðslum og þykir sjálfsagt.

Mannréttindaskrifstofa Íslands vill hvetja Alþingi til að taka lagaákæði um þjóðaratkvæðagreiðslur til athugunar með það að leiðarljósi að efla lýðræði, auðvelda þegnunum að láta álit sitt í ljós og tryggja að það sé vilji meiri hluta þjóðarinnar sem ráði, en ekki tímabundnir hagsmunir einstakra aðila eða skoðanir sem kunna að vera í andstöðu við vilja meiri hluta þjóðarinnar.

Virðingarfyllt  
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

  
Kristín Ástgeirsdóttir